

Leikir og leikni Picassos

Nú fer hver að verða síðastur að sjá sýninguna á verkum Pablos Picassos að Kjarvalsstöðum. Þar sem ekki er líklegt að önnur slík verði sett upp hér á næstu áratugum ætti fólk að grípa gæsina meðan hún gefst. Sýningunni lýkur nú á sunnudagskvöldið, 27. júlí.

Hér til hliðar birtum við tvær litteikningar frá síðustu æviárum Picassos, þegar hann velti stöðugt fyrir sér hlutverki listamannsins fyrr og nú, íhugaði sambandið milli listamanns og fyrrsætu hans og tengslin milli sköpunargáfunnar og kynhvatarinnar.

Þessar myndrænu íhuganir voru að sjálfsögðu með sjálf-sævisögulegu ívafi, eins og hans var von og vísa.

Höfum hugfast að Picasso var ævinlega í nánú sambandi við fyrrsætur sínar, þær voru um leið ástkonur hans eða stundargaman.

Á efri myndinni situr fönugleg stúlka fyrir hjá gömlum listamanni. Hann er klæddur í skrúð frá barokktímabilinu, en í augum Picassos var það tímabil bæði sérlega frjótt og glæsilegt. En við nánari skoðun kemur í ljós að þarna er um þykjustuleik að ræða, andlit málarans er skrautleg gríma, fyrrsætan ber einnig grímu og málverkið á trönunum er ekki af stúlkunni heldur (sennilega) af listamanninum sjálfum. Sem sagt, lífið og listin eru leikaraskapur einn og listamaðurinn er sjálf-selskan uppmáluð.

Þessi túlkun er í samræmi við atburðarás í mörgum öðrum myndum Picassos.

Neðri myndin er mjög svipuð að sjá, en þó með ívið breyttum áherslum. Fyrrsætan situr fyrir í sömu stellingum en málarinn hefur fært sig til hliðar svo meir ber á striganum með skuggamyndinni fyrir miðju. Málarinn er áfram skrautklæddur, en er nú ekki að fara í felur með grímu sína.

Samt heldur leikaraskapurinn áfram. Málarari þykist mála fyrrsætuna en málar í staðinn mynd af sjálfum sér.

En bíðum nú hæg. Hér er fleira að gerast. Jaðar vantar neðan á strigann og hægra megin á hann, þannig að hann virðist eins og op á veggnum. Getur hugsast að hinn raunverulegi málarari myndarinnar standi þarna í gættinni og máli myndina af fyrrsætunni og sundurgerðarmanninum til hægri, rétt eins og þegar Velazquez málaði spanska kóngafólkið í „Las Meninas“?

Er málarinn kannski að mála mynd af okkur í leiðinni?

Picasso var ævilangt að leika sér og spyrja spurninga í verkum sínum – rétt eins og barn – og með þessari ótrúlega þjálu línu.

